

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, frístundasvæðið Öldubbyggð, Svínavatn.*

Gildandi skipulag gerir ráð fyrir einum bústað á hverri lóð að hámarki 200 m<sup>2</sup> að stærð ásamt útigeymslu eða svefnhúsi þar sem hámarksflatarmál skal vera 25 m<sup>2</sup>.

Breytingin felur í sér að á hverri lóð er heimilt að reisa eitt aðalhús og eitt aukahús (gestahús eða geymslu). Hámarksbyggingarmagn lóðar miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 og þar af má aukahús vera allt að 40 m<sup>2</sup>.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. febrúar 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 23. apríl 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**